um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Jón Árnason, Matthías Bjarnason, Eyjólfur K. Jónsson, Magnús Jónsson, Sverrir Hermannsson, Guðlaugur Gíslason, Ólafur G. Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela hverjum þeirra þingflokka, sem styðja þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, að tilnefna einn fulltrúa, sem skuli starfa með utanríkisráðherra í viðræðum við Bandaríkjamenn og aðrar þjóðir bandalagsins um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, þátttöku Íslands í störfum bandalagsins og skipan öryggismála landsins.

Greinargerð.

Þar sem fyrirhuguð er endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkin, er eðlilegt, að þeir þingflokkar, sem styðja aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, fái aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á viðræður við Bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagið, enda er sjálfsagt, að hugsanlegar breytingar á varnarsamningnum verði lagðar fyrir Alþingi til staðfestingar.

Allt frá því, að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, hefur verið leitazt við að hafa sem nánast samráð milli lýðræðisflokkanna um framkvæmd varnarmála og starfsemi Íslands í bandalaginu, og verður að telja sjálfsagt, að slíkt samstarf haldi áfram.

Eðli málsins samkvæmt er útilokað, að þeir, sem andvígir eru áframhaldandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, taki þátt í viðræðum við það og Bandaríkjamenn um varnarmál Íslands. Þeir hafa sjálfir lýst yfir því, að um þau mál hafi Íslendingar ekkert að ræða við Atlantshafsbandalagið, því að þeir eigi þegar að slíta öll tengsl við það og hverfa úr samtökunum.

Upplýst hefur verið, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja tvo ráðherra við hlið utanríkisráðherra til að fjalla um endurskoðun varnarsamningsins. Ekki er vitað annað en að þessir tveir ráðherrar hafi alla tíð verið andstæðingar aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Slík ráðstöfun hlýtur mjög að skaða málstað landsins í viðræðum við Atlantshafsbandalagið og Bandaríkjastjórn um varnarmálin, en er einnig til þess fallin að skaða mjög orðstír landsins á erlendum vettvangi, nú er sízt skyldi, þar sem nauðsyn ber til að vinna fylgi málstað okkar í landhelgismálinu.

Tillöguflutning þennan ber að skoða sem tilraun af Sjálfstæðisflokksins hálfu til að firra því tjóni, sem skipan sú á þessum málum, sem boðuð hefur verið, hlýtur að valda. Því ber að líta á hana sem tilboð af Sjálfstæðisflokksins hálfu um að taka þátt í samstarfi við utanríkisráðherra um endurskoðun varnarsamningsins og heilbrigða skipan varnarmála Íslands framvegis.